

Kirkjuþing 2023-2024

28. mál - þskj. 28a.

TILLAGA

til þingsályktunar um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að leggja áherslu á hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn.

Greinargerð.

Kirkjuþing unga fólksins fagnar ákvörðun hins almenna kirkjuþings að styrkja og efla þátttöku ungs fólks í stjórnslu kirkjunnar, samanborið við áherslu Lútherska heimssambandsins með samþykkt máls nr. 7 á Almenna kirkjuþingi 2017. Það er mikilvægt skref til að styrkja stöðu unga fólksins innan þjóðkirkjunnar og hvetja það áfram í starfi, sem og að styrkja framtíð kirkjunnar. Eins og margoft hefur verið sagt er unga fólkið framtíðin og þess vegna þykir okkur mikilvægt að fá að taka þátt í að móta framtíðarstefnu kirkjunnar okkar. Við hlökkum til að sjá þær tillögur að breytingum á starfsreglum sem Biskupi Íslands, forsætisnefnd kirkjuþings og kirkjuráði var fengið að móta og leggja fram á Kirkjuþingi 2018 og "þykja nauðsynlegar til að ná fram markmiðum" samþykktar máls nr. 7 / 2017.

Kirkjuþing unga fólksins harmar það að fáar breytingar hafa verið gerðar til þess að tryggja þátttöku ungs fólks og kallar eftir því að farið verði í þær breytingar sem þykja nauðsynlegar sem fyrst. Til að tryggja ungu fólki kosningarétt á kirkjuþingi en ekki bara áheyrnarfulltrúa.